6. október 2026

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna endurskoðunar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði

Samhliða undirritun sameiginlegrar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga mun ríkisstjórnin grípa til margvíslegra aðgerða. Markmið aðgerðanna er að stuðla að efnahagslegum og félagslegum stöðugleika, tryggja uppbyggingu hagkvæms húsnæðis, tryggja réttarbætur fyrir launafólk og leigjendur og létta byrðar af atvinnulífinu. Ekki verður hvikað frá því markmiði að fjárlög ársins 2027 verði hallalaus.

Þá beinir ríkisstjórnin þeim tilmælum til stofnana og fyrirtækja ríkisins að gæta aðhalds í launaákvörðunum og hækka ekki laun umfram það sem kjarasamningar kveða á um. Jafnframt hvetur ríkisstjórnin bæði sveitarfélög og fyrirtæki á almennum markaði til gæta samskonar aðhalds með hliðsjón af stöðu efnahagsmála og markmiðum Stöðugleikasamningsins.

Auk þeirra aðgerða sem fram koma í sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnar, ASÍ, SA og SÍS mun ríkisstjórnin ráðast í eftirfarandi aðgerðir án tafar:

1. Lagt verður fram frumvarp á haustþingi 2026 sem felur í sér að heimila ríkissjóði að fjármagna tímabundið stofnframlög sveitarfélaga til uppbyggingar á almennum íbúðum. Gert er ráð fyrir að úrræðið taki strax gildi og vari út árið 2027. Markmiðið er að fjölga á skömmum tíma hagkvæmum íbúðum innan almenna íbúðakerfisins og tryggja áframhaldandi uppbyggingu almenna íbúðakerfisins. Með þessu gerir ríkið það sem það getur til að standa við þau fyrirheit sem gefin voru við undirritun Stöðugleikasamningsins. Samhliða framlengist forgangsregla þess efnis að a.m.k. tveir þriðju hlutar þess fjármagns sem til úthlutunar er hverju sinni renni til íbúða sem ætlaðar eru tekju- og eignalágum leigjendum á vinnumarkaði og vari út árið 2027. Við lögbundna heildarendurskoðun almenna íbúðakerfisins mun ríkisstjórnin sérstaklega horfa til þess hvernig megi fjölga leiguíbúðum með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði fyrir tekjulægri hópa á vinnumarkaði og auka skilvirkni kerfisins þannig að staðinn verði vörður um þau meginmarkmið að tryggja húsnæðisöryggi

og sjálfbærni almenna íbúðakerfisins til framtíðar. Í því skyni verður meðal annars farið yfir fyrirkomulag og úthlutun stofnframlaga.

2. Þróun barnabóta verður komið í fastar skorður til að stuðningur við barnafólk haldist stöðugur milli ára, í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar. Í því skyni verður lagt fram frumvarp eigi síðar en á haustþingi 2027 um að stuðningur við barnafjölskyldur með barnabótum þróist með sama hætti milli ára og gildir um þrepamörk í tekjuskattskerfinu. Miðað er við að þetta fyrirkomulag taki gildi frá og með árinu 2028. Fram að því verður framlag ríkisins til barnabóta í samræmi við yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga á almennum markaði frá árinu 2024 sem kallar á hækkun á fjárhæðum og skerðingamörkum barnabótakerfisins með lagabreytingu á haustþingi 2026.

3. Lagt verður fram frumvarp á haustþingi 2026 sem felur í sér að settur verði skýrari rammi um heimildir aðila leigusamnings til að semja, við gerð leigusamnings, um reglubundnar breytingar leigufjárhæðar á samningstíma. Breytingarnar hafa það að markmiði að stuðla að stöðugleika og auknum fyrirsjáanleika um leiguverð milli mánaða. Lagt er til að mánaðarleg vísitölutenging leigufjárhæðar, bæði vegna útleigu á íbúðarhúsnæði eða öðru húsnæði sem leigt er til íbúðar, verði óheimil og að áskilið verði að a.m.k. 12 mánuðir líði milli hækkana á leigufjárhæð.

4. Lagt verður fram frumvarp eigi síðar en á vorþingi 2027 um breytingar á fyrirkomulagi húsaleigutrygginga, að höfðu samráði við helstu hagaðila á leigumarkaði. Markmiðið er að styrkja réttarvernd leigjenda og leigusala, skýra reglur um meðferð tryggingarfjár, einfalda kröfu- og uppgjörsferla og auka fyrirsjáanleika um endurgreiðslu trygginga. Jafnframt er stefnt að því að fyrirbyggja ágreining og fækka málum sem berast kærunefnd húsamála.

5. Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins geri greiningu á þróun húsnæðisstuðningskerfa fyrir eigendur húsnæðis. Niðurstöður liggi fyrir vorið 2027. Samtímis verður starfi starfshóps um nýtt húsnæðislánakerfi hraðað.

6. Ráðist verður í sérstakt átak í einföldun regluverks til að létta byrðar í atvinnurekstri og draga úr kostnaðarþrýstingi. Tillögur verða mótaðar í sérstökum samráðshópi ríkis og aðila vinnumarkaðarins og liggi fyrir í janúar 2027. Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur verður jafnframt rædd á sama vettvangi og hugsanlega endurvakin í nýrri mynd.

7. Lagt verður fram frumvarp eigi síðar en á vorþingi 2027 sem felur í sér viðurlög við brotum á lágmarkskjörum launafólks samkvæmt kjarasamningi. Með lágmarkskjörum kjarasamninga er átt við öll þau laun og starfskjör sem hverjum starfsmanni ber samkvæmt þeim kjarasamningi sem um starf hans gildir, meðal annars á grundvelli starfs, starfsaldurs, starfsreynslu, vinnutíma og vinnufyrirkomulags. Frumvarpið markar kaflaskil í baráttunni gegn félagslegum undirboðum hér á landi með því að kveða á um einstaklingsbundinn rétt til févítis á vangreidd lágmarkskjör. Breytingin muni sérstaklega styrkja stöðu viðkvæmra hópa á vinnumarkaði og um leið stuðla að heilbrigðara samkeppnisumhverfi fyrirtækja.

8. Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld hafa undanfarið ár rætt og rýnt með hvaða hætti fyrirkomulagi örorkutrygginga verður best við komið með það að markmiði að jafna réttindaávinnslu til ellilífeyris milli lífeyrissjóða, koma í veg fyrir víxlverkun og núning milli kerfa og auka snemmbæran stuðning til að koma í veg fyrir brotthvarf af vinnumarkaði. Niðurstaða þeirrar rýni er að greina áfram og útfæra hugmyndina um stofnun nýs örorkubótasjóðs vinnumarkaðarins. Stjórnvöld styðja þá nálgun sem aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt til grundvallar við mótun ramma um örorkubótasjóð og skuldbinda sig til að styðja við áframhaldandi þróun á hugmyndum og útfærslu sjóðsins með það að markmiði að framtíðarlausn finnist eins fljótt og auðið er. Viðræðunefnd aðila sem starfandi hefur verið mun í því miði skipa sérfræðihóp sem hefja mun störf í október 2026 og skila niðurstöðum sínum eigi síðar en 1. mars 2027. Þar til viðunandi framtíðarlausn finnst verður viðhaldið núverandi fyrirkomulagi til að draga úr víxlverkun og framlagi ríkisins til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða.

9. Vinna við smíði frumvarps um innleiðingu keðjuábyrgðar í stærri verklegum framkvæmdum verður hafin haustið 2026. Starfshópur á vegum félags- og húsnæðismálaráðuneytisins verði settur á fót með fulltrúum frá ASÍ og SA sem skila mun ráðherra drögum að lagafrumvarpi eigi síðar en 1. mars 2027. Stefnt er að framlagningu frumvarps á Alþingi að hausti sama ár.

10. Stjórnvöld, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, vinni fyrir lok árs 2026 viðbragðsáætlun gegn vaxandi atvinnuleysi með áherslu á aukinn stuðning og virkar vinnumarkaðsaðgerðir sem miði að því að draga úr langtímaatvinnuleysi og koma í veg fyrir brotthvarf af vinnumarkaði.

11. Frumvarp um endurskoðun á lögum um Ábyrgðarsjóð launa verður unnið í samstafi við aðila vinnumarkaðsins.
12. Mælist ársverðbólga í lok október 2027 yfir 4% verða greiddar einskiptisvaxtabætur til skuldsettra heimila í upphafi árs 2028 upp á 2 milljarða króna eða 3 milljarða króna ef ársverðbólgan mælist yfir 5% á þeim tímapunkti.
13. Lagt verður fram frumvarp eigi síðar en á vorþingi 2027 sem felur í sér að lágmarkskjör launafólks á íslenskum vinnumarkaði falli ekki niður vegna tómlætis. Með lágmarkskjörum kjarasamninga er átt við öll þau laun og starfskjör sem hverjum starfsmanni ber samkvæmt þeim kjarasamningi sem um starf hans gildir, meðal annars á grundvelli starfs, starfsaldurs, starfsreynslu, vinnutíma og vinnufyrirkomulags.